12209

Kleifar 6

Staðgreinir 8000-1-25733510, matshluti 01

Byggingarlýsing

a. Almennt
Götuheiti: Kleifar 6, 900 Vestmannaeyjum
Landnúmer: 160713
Staðgreinir: 8000-1-25733510

b. Starfsemi og notkun
Kleifar 6 er tvískipt stálgrindarhús, að hluta einnar hæðar og að hluta tveggahæða.
Skv. Fasteingarmati ríkisins er mannvirkið byggt árið 1983.
Starfsemi á neðstu hæð verður netaverkstæði og verslun. Á annarri hæð verða skrifstofur, kaffiaðstaða og búningsaðstaða starfsmanna. Gert er ráð fyrir geta breytt óráðstöfuðu rými í búningsaðstöðu kvenkyns starfsmanna í komandi framtíð ef þurfa þykir.
Aðkoma að verslun verður frá Efri-kleifum og að skrifstofum og netaverkstæði frá Gjábakka um sitthvorn innganginn.

Áætlaður starfsmannafjöldi: 10 karlkyns

c. Helstu stærðir
Byggingin er tvær hæðir.

Heiti hæðar:	Brúttó m²	Brúttó m³
1.hæð	1072,8	6541,3
2.hæð	133,3	439,4
Heild brúttó:	**1206,1**	**7195,3**

Heildarstækkun á mannvirki er: 684,2m³

d. Stærð lóðar og nýtingarhlutfall:
Lóðarstærð skv. FMR: 1591m²
Nýtingarhlutfall: 0,76
Bílastæðaþörf á lóð: Ekki vitað
Fjöldi bílastæða: 2 stk
Þar af bílastæði fyrir fatlaða: 0 stk

e. Burðarvirki
Núverandi bygging er stálgrindarhús, reist á steypta veggi og súlur. Á stálgrind eru timburdregarar. Húsið er klætt með báruklæðningu.
Viðbygging verður uppbyggð á steypta veggi líkt og núverandi bygging.
Meginburðarkerfi hennar verður úr stáli og veggir og þak klædd steinullar einingum.
Veggur að aðliggandi mannvirki verður steyptur. Gólf verða steinsteypt og slípuð.

f. Utanhússfrágangur og litaval
Útveggir.
Nýbygging sem byggð er norðan við núverandi hús er með burðarvirki úr stáli, útveggir eru léttar samlokueiningum úr steinull. Utan á samlokueiningar verður klædd samskonar báruklæðning og er á núverandi húsi. Steyptur veggur að aðliggandi mannvirki verður enangraður að utan og klæddur með báruklæðningu. Komið verður fyrir skilti á framgafl fyrir ofan innkeyrsluhurð.

Þak.
Þak nýbyggingar er með 10° þakhalla. Þak verður byggt upp úr steinullareiningum ofan á stálvirki, vatnsvarnarlag verður ábræddur þakpappi. Klædd verður samskonar báruklæðning og á núverandi húsi ofan á timburlektur.

Gluggar.
Allir gluggar eru verksmiðju framleiddir timburgluggar frá viðurkenndum framleiðanda. Gler er tvöfalt K-einangrunargler, tegund er há samþykki aðalhönnuða og verkkaupa. Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og vera vottaðir af NMÍ.
Gler í gluggum og hurðum í útveggjum verða í samræmi við leiðbeiningarlöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á.

Litir.
Litir klæðninga og glugga verða samskonar á núverandi byggingu.

g. Handrið innan- og utanhúss
Færanlegt handrið verður utan um nótagryfju, hæð og frágangur skv. teikningum arkitekts.

h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:
Einangrun nýbyggingarhluta verður í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr 112 og útreikningur er gerður skv. ÍST 66.

U-gildi byggingahluta	[W/m²K]	U-gildi	þykkt	gerð
Gólf á fyllingu		0,30	100mm	Plast
Einangrun sökkla			100mm	Plast
Léttir útveggir		0,30	125mm	Steinull
Þak		0,19	200mm	Steinull
Gluggar		2,0		
Hurðir		3,0		
Útveggir - vegið meðaltal (veggir, gluggar/hurðir)		0,85		

Kólnunartölur eldra húss eru ópekktar.

Meðal vinnslu hiti í sal er áætlaður 16-18°C

i. Innanhússfrágangur:
Innveggir verða hefðbundnir gipsveggir og stoðir úr blikki. Hljóðeinangrun kemur fram í kafla m. Hljóðvist og á teikningum arkitekts. Veggir og gólf búningsklefa starfsmanna uppfylla kröfur um votrými.
Brunakröfur koma fram í kafla i. Brunavarnir og á teikningum arkitekts.

j. Kerfisloft og uppbyggð gólf
Ekki er um nein kerfisloft í byggingunni að ræða.

k. Lagnir:
Öll inntök eru staðsett í inntaksrými núverandi byggingar.
Varðandi inntök veitna skal hafa samráð við viðkomandi veitustofnanir.

l. Rafkerfi
Lagnaleiðir lág- og smáspennukerfa verða huldar eða utanáliggjandi. Innfelldar pípulagnir verða í loftum, léttum veggjum og gólfum fyrir lagnaleiðir að þaðarbúnaði, eftir því sem við á. Í tilfellum sem notaðar verða utanáliggjandi pípur verða þær úr áli eða höggheldu plasti.
Lagnaleiðir utanhúss eru og verða plastpípulagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annarra kerfa þar sem því verður við komið.
Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á á hverjum stað. Ljósum verður almennt staðstýrt í herbergjum.
Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin loftlýsing og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.
Neyðar- og ÚT-lýsing verður í samræmi við staðla og í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr. 112. Brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu samkvæmt reglugerð.

m. Lagnakerfi

Loftræsikerfi:
Loftræsing er í samræmi við eðli og umfang þeirrar starfsemi sem verður í byggingunni. Sér útsog verður í norðaustur horni byggingarinnar til loftskipta úr sal. Sér ústsog verður frá baði tæknirými.
Neysluvatn:
Settur verður upp forhitari fyrir neysluvatn sem annað getur bæði eldra- og nýja húsnæðinu. Lagnir í eldra húsnæðinu verða endurnýjaðar ef þurfa þykir. Áætlað er að leggja allar neysluvatnslagnir annað hvort ryðfríar pressfittings lagnir eða álþex lagnir. Hitastig á neysluvatni verður hannað samkvæmt ÍST 67:2003, danska staðlinum DS 439 og Byggingareglugerð 112/2012.
Hitakerfi:
Vinnuaðstaðan í sal er hituð upp með vatnshitablásurum og ofnum. Hitakerfi í eldra húsnæði verður endurnýjað ef þurfa þykir og tengt nýju hitakerfi í tæknirými. Áætlað er að leggja allar hitalagnir úr svörtum stálpípum og snittuð tengistykki.
Fráveita:
Settar verða niðurfallsrennur eða niðurföll með sandgildrum í sal og fyrir framan innkeyrsluhurðar einnig verða sett niðurföll undir tromlur á flottrollsbraut. Notað verður PVC efni í grunn en hefðbundið PP frárennsli í lagnir ofan plötu.

m. Hljóðvist
Hljóðvist í byggingunni verður í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112 og í samræmi við ÍST 45 og eigi lakari en í flokki C.

n. Brunavarnir
Kleifar 6 er eldra iðnaðarhúsnæði, sambyggt annarri byggingu, Kleifar 4, og verður húsið lengt til norðurs. Byggingin er stálgrindarhús og langhliðarnar standa á lóðarmörkum en nokkurt bil er við gaflana. Nærliggjandi bygging (Kleifar 4) er einnig stálgrindarhús og var hún byggð á undan. Þegar Kleifar 6 var byggt var settur milliveggur úr hleðslusteini sem eldvörn. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um hann. Byggingin er mænisbygging með ~7,4 m lofthæð í mæni og ~ 5,4m við langveggi.
Eftirfarandi hönnun er gerð af LOTU ehf (áður VSI ehf).
Hönnuninni fylgja frekari upplýsingar / útreikningar í skýrslu.
Útgáfa 2 í febrúar 2017 fjallar nánar um reyklosun og eldvarnamálningu.
Útgáfa 3 í febrúar 2019 fjallar um reyklosun eldri húshluta og breytingu á brunahólfun þar.

Starfsemi og notkunarflokkar
Starfsemi í byggingunni er framleiðsla neta og trolla, lítil verslun og lager fyrir smáhluti, aðallega úr málmi, en á efri hæð verða skrifstofur, kaffistofa og búningsklefar.
Byggingin er öll í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 með slíðari tíma breytingum.

Brunahólfun
Meginbrunahólf: Byggingin er eitt meginbrunahólf, ~1080 m².
Sambrunahætta: Núverandi byggingar eru aðskildar með vegg úr hleðslusteini.
Nýbyggingin verður aðskilin samhliða byggingu með steyptum vegg/veggeiningum A-REI-M 120. Frágangur veggjarins milli byggingana verður þannig að ekki geti hlaupið eldur á milli þaka eða bygginga. Ekki er sambrunahætta vegna annarra bygginga.
Brunahólf: Í byggingunni er gert ráð fyrir fjórum brunahólfum.
Stærst er netaverkstæðið. Í verslun og lager er lítið brunaálag, mest varningur úr málmi og því ásaettanlegt að hafa það í brunahólfi með stiga og skrifstofuhæðinni.
Tæknirými (inntök) með aðaltöflu á 1. hæð verður sér brunahólf.
Lyftarahleðsla fyrir einn lyftara þarf ekki að vera í sér brunahólfi vegna rúmmáls hússins skv. reikningum eftir staðli, sjá viðauka 4. Í/við lyftarahleðslu skal vera neyðarsturta og augnskol.

Burðarvirki
Sökklar og gólfplata eru steypt.
Burðarvirki milliveggja húsanna á sameiginlegum lóðarmörkum verður a.m.k. R120M.
Vegguirnn er sambyggður úr stálsúlum og steyptum veggeiningum sem verða steypufulltar á staðnum. Súlurnar verða málaðar á óvörðum flötum sem snúa að útvegg næstu byggingar með eldvarnamálningu til að ná a.m.k. R90 en steypan verður R120M skv. byggingarreglugerð.
Salarmegin skulu súlurnar varðar með einangrun og tvöföldu Project F gifsi upp í 5,1 m og er það hluti af heildarlausn fyrir súlurnar á lóðamörkum nágranna, sjá viðauka 5.
Auk þessa er a.m.k. REI60 krafa á vegg nágrannans. Krafa skv. byggingarreglugerð myndi vera R60.
Annað aðalburðarvirki hússins er stálgrind. Aðrar stálsúlur en þær í millivegg skulu hafa a.m.k. R60 brunamótstöðu upp í 5,1 m hæð en mega vera óvarðar þar fyrir ofan.
Reiknað var hitastig í eldsúlu m.v. 10 MW bruna á gólfi t.d. vegna bruna við súlur og reyndist það 450°C gráður í 5,1 m hæð, sjá viðauka 2. Stálsúlur aðrar en þær í millivegg þurfa því ekki að vera varðar fyrir ofan 5,1 m.
Af þessu leiðir að ekki er þörf á að verja stálbita í lofti sérstaklega, sjá viðauka 1, enda er reyklosun mikil og vel dreifð.
Brunavörninni má ná með eldvarnamálningu eða einangrun og gifsklæðningu.
Burðarvirki millihæðar skulu vera a.m.k. R60 og hæðaskil skulu vera a.m.k. REI60.
Brunaálagið felst mest í netum, þau liggja ýmist á gólfi eða eru hífð upp og eru því færanleg með krókum í lofti og væntanlega vélbúnaði utanhúss. Mesta magnið /kúfurinn liggur í nótagryfju við aðra vöruhurðina en stundum liggja minni nætur við útveggi. Ekki er talin þörf á að gera sérstakar ráðstafanir vegna þessa þar sem netin eru færanleg innahúss og má t.d. færa þau útfyrir með stærri vinnuvélum sem gjarnan eru til við hafnir.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1; eða $K_2$10 B-s1,d0.
Niðurtekin loft verða í A flokki.
Gólfefni verða í flokki G, eða D_{fl}-s1. Gólf í netaverkstæði verður steypt.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B_{ROOF} (t2).
Útveggir eru ýmist steyptir (eldri hluti) eða með steinullar einingum. Þær eru í flokki 1.
Aðrar klæðningar verða í flokki 1 fyrir utan klæðningar í skrifstofum sem mega vera í flokki 2. Klæðningar í flóttaleið frá skrifstofu verða í flokki 1.

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 45 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá netagerðarsal eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir auk gönguleiðar gegnum anddyri.
Frá efri hæð er önnur flóttaleiðin um björgunarop í búningsherbergi og fellistiga. Þetta er talið ásættanlegt þar sem um fámennan vinnustað er að ræða. Hurð að búningsklefanum verður ekki læsanleg.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi /vistfangakerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.
Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er við anddyri í suðurenda. Jaðarbúnaður kerfisins getur verið hurðaseglar o.fl.

Loftræsing
Loftræsing skal hönnuð eftir DS 428 og skal ekki útbreiða eld eða reyk um bygginguna.
Búnaður loftræsikerfa skal vera skv. ÍST EN 13501-3. Loftræsing skal tengd brunaviðvörunarkerfi. Við brunaboð skal blásari stöðvast. Gluggalaus rými verða með útsogi.

Reyklosun
Reyklosun verður um ofanljós með auðbrennanlegu plasti (t.d. polycarbonat) í netaverkstæði.
Gerðir voru útreikningar fyrir reyklosun og hitastig í reyklagi með forritinu Cfast og gengið út frá hröðu brunaferli upp í 10 MW bruna sem gerist á ca. 7,7 mínútum og 10 m² reyklosun eða a.m.k. 1,3% af gólffleti. Gert er ráð fyrir að hurðir opnist eftir 5 mínútur þar sem viðurkennt brunaviðvörunarkerfi verður í byggingunni og vegalengdir fyrir viðbragðsteymi stuttar, en ofanljós opnist/bráðni við 200°C, sjá nánar í viðauka 1 við skýrslu.
Ofanljós í viðbyggingu verða 10 talsins, 1,0 m² nettó hver. Bil milli ofanljósa verður innan við 10 m. Þannig fæst æskilegt dreifing.
Ofanljós í eldri byggingu verða a.m.k. þrjú, 1,0 m² hvert.
Ofanljósin skulu þola fyrirskrifað vind- og snjóálag skv. upplýsingum frá burðarvirkjahönnuði.
Reyklosun frá skrifstofum verður um glugga og hurðir.

Slökkvibúnaður
Brunaslöngur skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 671-1. Þrjár brunaslöngur verða í netaverkstæð. Þær skal miða við 40 l/mín. vatnsrennsli og 9 m kastlengd. Í verslun/lager verður ein brunaslanga af hefðbundinni stærð (20 l/mín).
Slökkvitæki skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 3. Þau verða m.a. staðsett við innganga, í/við tæknirými, lyftarahleðslu, skrifstofu og víðar skv. reglum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux í flóttaleiðum þ.m.t. fellistiga og a.m.k. 0,5 lux í verslun/lager og netaverkstæði (>60 m²). Neyðarlýsing í tæknirými skal vera a.m.k. 15 lux.
Lýsing þarf að vera utanhúss við útidyr flóttaleiða.

Aðkoma slökkviliðs og vatnsþörf
Aðkoma slökkviliðs að húsinu er góð á þrjá vegu.
Brunahani er staðsettur við norðvestur enda hússins.
Slökkvivatnsþörf fyrir bygginguna er skv. útreikningum byggt á leiðbeiningum MVS um 4200 l/mín.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu ásamt reyklúgum).
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Hampiðjuna við Kleifar 6 og viðbragðsáætlun sem m.a. tekur á því hvernig skuli brugðist við í bruna.

o. Tæknibúnaður:
Í byggingunni verða blakkir í loftum.

p. Aðgengi og algild hönnun:
Nýbygging er ekki hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar enda fyrirhuguð starfssemi í henni þess eðlis.

q. Frágangur lóðar:
Malbikað plan verður í porti norðan við mannvirkið. Plan verður girt af með girðingu allt að 2.0m hárri. Neðri hluti girðingar verður steyptur í framhaldi af sökkulvegg húss og efri hluti úr timbri.

s. Aðrar sértækar aðgerðir:
Ekki er um neinar sértækar aðgerðir að ræða.

Skýringar tákna

1 Texti 1:100	Teikning Skýring Mælikvarði
1 (99)3.00	Táknar snið Númer á teikningu Númer á blaði
1 (99)3.00	Táknar ásýnd utanhúss Númer á teikningu Númer á blaði
1 (99)4.00	Táknar ásýnd innanhúss Númer á teikningu Númer á blaði
(99)5.00	Táknar deilitilvísun Númer á teikningu Númer á blaði
Samb.	Táknar að snið, deili eða ásýnd á viðkomandi stað er sambærilegt við teikningu sem vísað er í.
K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
XX	Táknar halla í gráðum eða sem hlutfall
R´w 48dB	Táknar lofthljóðeinangrun byggingarhluta í dB
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
XX-YY	Táknar merkingu byggingarhluta XX táknar byggingarhluta: IV Innveggur ÚV Útveggur IH Innihurð ÚH Útihurð ÚG Gluggi í útvegg IG Gluggi í innvegg ÞG Þakgluggi IL Loft innanhúss ÚL Loft utanhúss VH Vöruhurð ÞNF Þakniðurfall YY táknar númer/tegund byggingarhluta: 01 Tölustafir fyrir númer einstakra byggingarhluta A Bókstafur fyrir tegund byggingarhluta
1	Táknar tilvísun í skýringartexta
	Táknar núverandi
	Táknar niðurrif
	Táknar nýtt
	Táknar bráðabirgðar

Samþykkt á fundi byggingarnefndar Vestmannaeyja
28. MAR. 2017
Byggingarfulltrúinn í Vestmannaeyjum

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
16. MAÍ 2019
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM

Upprunalegur hönnuður:
Héðinn hf.

Almennar skýringar

Skýringar á efnisnotkun ofl. er að finna á fyrstu teikningu í hverjum flokki. Þær gilda fyrir aðrar teikningar nema annað sé tekið fram.

Öll mál og aðstæður athugist á staðnum áður en smíði hefst.

Ósamræmi í teikningum tilkynnist eftirlitsmanni.

Öll mál eru í mm nema hæðarkótar eru í metrum.

Sjá einnig gildandi aðaluppdrætti.

Einingar, byggingarhlutar, húshlutar eða efni til heilla mannvirkja á markaði skulu almennt vera CE-merkt og henta til fyrirhugaðra nota sbr. ákvæði VIII. kafla laga um mannvirki og reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur. Ef ekki eru til samhæfðir evrópskir staðlar eða evrópskt tæknisamþykki fyrir viðkomandi vöru skal afla umsagnar frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og eftir atvikum frá Mannvirkjastofnun vegna eldvarna í samræmi við 2.-4. mgr. 5.1.1. gr. og 25. gr. laga um brunavarnir.



útg	dags.	skýring	teiknað
B	26.4.2019	Frágangur brunavarna	jbs
A	13.2.2017	Uppfærður REIM 120 veggur, skýringar, stærðir vöruhurða o.fl.	jbs

ARKÍS arkitektar
Kleppsvegi 152-04 Reykjavík
kt 531107-0550S: 511 2060
www.ark.is arkis@ark.is

Kleifar 6

Verkheiti:	Netaverkstæði Vestmannaeyjum
Sveitarfélag:	Vestmannaeyjar
Staðgreinir:	8000-1-25733510
Landnúmer:	160713
Verknúmer:	15-078

Hönnuður:

○ Aðalsteinn Snorrason	arkitekt faí	kt.161161-2769
○ Arnar Þór Jónsson	arkitekt faí	kt.010174-4819
○ Birgir Teitsson	arkitekt faí	kt.020460-4589
○ Björn Guðbrandsson	arkitekt faí	kt.170174-3059
● Egill Guðmundsson	arkitekt faí	kt.270152-6869
○ Þorvarður L. Björgvinsson	byggingaf. bfí	kt.250572-3529

● Hönnuður aðal-/séruppdrátta:
● Hönnunarstjóri:

Hannað / teiknað:	JBS	Mælikvarði:	1 : 10
Yfirfarið / samþykkt:	ÞLB / EG	Dagsetning:	1.7.2016

VERKTEIKNINGAR

(99)3.00 B
teikning breyting

ALMENNAR SKÝRINGAR

Skýringar á A1 = 594 x 841